

**Nd.**

**134. Frumvarp til laga**

[111. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Flm.: Lárus Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Karvel Pálmason,  
Stefán Gunnlaugsson, Ólafur G. Einarsson.

**1. gr.**

Á eftir 109. gr. laganna komi nýr kafli, V. kafli, er orðist svo:

**Um landshlutasamtök sveitarfélaga.**

110. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, þ. e. Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Fjórðungssamband Norðlendinga, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi.

Ákvæði þessa kafla gilda um Reykjavíkurborg, eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112. gr., en ákvæði kaflans haggja ekki gildandi reglum um stjórn borgarinnar.

111. gr.

Sérhvert sveitarfélag á aðild að samtökum sveitarfélaga í sínum landshluta. Samtökunum er heimilt að veita sýslufélögunum aðild að landshlutasamtökunum.

112. gr.

Hlutverk landshlutasamtakanna er:

- a. að vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og héraða í umdæmi sínu og landshlutans alls,
- b. að vinna að áætlanagerð varðandi landshlutana í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins,
- c. að vinna að öðrum verkefnum samkvæmt lögum,
- d. að vinna að framkvæmdum á samþykktum aðalfunda samtakanna og annast almennt ráðgjafastarf í þeirra þágu.

113. gr.

Hver sveitarstjórn kýs fulltrúa og varafulltrúa á aðalfund samtakanna eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar eða oftár, sé það ákveðið í samþykktum samtakanna. Kjörgengir eru aðalfulltrúar og varafulltrúar í sveitarstjórn og framkvæmdastjórnar sveitarfélaga.

Sveitarfélag með	300 íbúa eða færri	kýs einn aðalfulltrúa
—	— 301— 700 íbúa	— tvo —
—	— 701— 1500 —	— þrjá —
—	— 1501— 2500 —	— fjóra —
—	— 2501— 5000 —	— fimm —
—	— 5001—10000 —	— sex —
—	— 10001 o. fl. —	— sjö —

Heimilt er einstökum landshlutasamtökum að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti en greint er í 2. mgr., enda sé ákvæði um það í samþykktum samtakanna, sem ráðherra staðfesti.

Eigi sýslufélag aðild að landshlutasamtökunum, sbr. 111. gr., skal sýslunefnd kjósa einn fulltrúa og varafulltrúa úr sínum hópi, sbr. 1. mgr.

#### 114. gr.

Æðsta vald í málefnum landshlutasamtakanna er í höndum aðalfunda þeirra, sem haldnir skulu ár hvert.

Á aðalfundi skal kosin stjórn samtakanna, 5—11 menn, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum, og jafnmargir varamenn. Formaður er kosinn sérstaklega. Séu stjórnarmenn fleiri en 7, er þeim heimilt að kjósa þriggja manna framkvæmdaráð, eftir því sem nánar er kveðið á í samþykktum.

Stjórnin fer með yfirstjórn samtakanna milli aðalfunda og hefur umsjón með störfum samtakanna og fjárreiðum.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið samtakanna.

#### 115. gr.

Tekjur samtakanna eru:

- Árgjöld aðildarsveitarfélaganna, skv. samþykktum aðalfundar.
- Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
- Aðrar tekjur.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til Reykjavíkurborgar.

#### 116. gr.

Nánar skal kveðið á um skipulag og stjórn einstakra landshlutasamtaka í samþykktum þeirra, sem staðfestar skulu af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Í samþykktum skal enn fremur kveðið á um gerð fjárhagsáætlunar og ársreikninga samtakanna, starfssvið framkvæmdastjóra o. fl.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Landshlutasamtök sveitarfélaga skulu hafa sent ráðherra samþykktir sínar til staðfestingar fyrir árslok 1974.

Sveitarfélögum, sem ekki áttu beina aðild að landshlutasamtökum sveitarfélaga við gildistöku þessara laga, er heimilt að fela fulltrúa sýslunefndar, sbr. 2. mgr. 111. gr., umboð gagnvart landshlutasamtökunum til loka kjörtímabils sveitarstjórna 1978.

#### Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi að beiðni stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, en varð ekki útrætt. Frv. er endurflutt vegna ítrekaðra óska sveitarstjórnarmanna. Það hefur verið til athugunar hjá millipinganefnd í byggðamálum. Nefndin hefur gert forsætisráðherra grein fyrir afstöðu sinni til lagasetningar um

landshlutasamtökin. Í þeirri skýrslu segir svo orðrétt um þetta efni: „Eins og yður hefur áður verið gerð grein fyrir bréflaga, telur nefndin mikla nauðsyn á því, að lög verði sett um landshlutasamtökin. Nefndinni er jafnframt að sjálfsögðu kunnugt um þá almennu endurskoðun, sem fram fer á sveitarstjórnarlögum. Hins vegar virðist ástæða til að óttast, að sú yfirgripsmikla endurskoðun taki langan tíma og verði a. m. k. ekki lokið fyrir það þing, sem nú situr. Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til, að rammalög verði sett um landshlutasamtökin, sem síðar verði felld inn í hina almennu endurskoðun. Sýnist nefndinni rétt, að frv. það, sem lagt var fram á síðasta þingi, verði lagt fram óbreytt.“

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv. frá hálfu stjórnar Sambands isl. sveitarfélaga, þegar það var flutt á síðasta þingi:

Forustumenn landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa eindregið óskað þess, að Samband íslenskra sveitarfélaga hlutaðist til um, að meðfylgjandi frumvarp fengist flutt og afgreitt á yfirstandandi þingi.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa verið stofnuð og hafa starfað í nokkur ár í öllum landshlutum utan Reykjavíkur. Þykir þeim og Sambandi íslenskra sveitarfélaga tími til kominn, að tilvera þeirra verði staðfest í lögum og að í sveitarstjórnarlögum séu ákvæði um þau.

Að formi til felur frv. í sér viðauka við sveitarstjórnarlögin, nr. 58 frá 29. mars 1961, en efnislega hefur frv. að geyma ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga: hver þau séu, um aðild að þeim, um hlutverk þeirra, um kosningu á aðalfundi þeirra og um tekjur þeirra.

Ákvæði frv. haggja í engu ákvæðum gildandi laga um einstök sveitarfélög og sýslufélög.

#### Um 110. gr.

Í 1. mgr. þessarar gr. eru landshlutasamtökin talin upp. Umdæmi þeirra eru einstök kjördæmi nema á Norðurlandi, þar sem Fjórðungssamband Norðlendinga nær yfir bæði kjördæmin.

Reykjavíkurborg er utan við landshlutasamtökin, enda eina sveitarfélagið, sem er sérstakt kjördæmi, en rétt þótti, að kveðið væri á um, að ákvæði frv. giltu um Reykjavíkurborg, eftir því sem við ætti. Sýnist þar einkum koma til greina ákvæði b-liðs 112. gr. frv. um áætlanagerð.

#### Um 111. gr.

Í 1. mgr. gr. felst, að öllum sveitarfélögum sé skylt að eiga aðild að landshlutasamtökum. Reyndar er það svo, að langflest sveitarfélög eru þegar orðin aðilar að samtökunum og í sumum undæmum öll sveitarfélög. Samkvæmt lögum er öllum sveitarfélögum skylt að eiga aðild að sýslufélögum, og sýnist ekki síðri ástæða vera til, að sama regla gildi um aðild að landshlutasamtökunum.

Í 2. mgr. 111. gr. er ákvæði um heimild til að veita sýslufélögum aðild að landshlutasamtökunum. Rétt þótti að hafa slíka heimild í frv. til samræmis við gildandi ákvæði laga sumra landshlutasamtakanna, sbr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og 4. mgr. 113. gr. um kosningu fulltrúa sýslufélaga.

#### Um 112. gr.

Í gr. þessari eru hlutverk landshlutasamtakanna talin í fjórum stafliðum. Er það í samræmi við gildandi lög og samþykktir landshlutasamtakanna, sbr. og 10. gr. laga nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

#### Um 113. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um, hvernig háttað skuli kosningu á fulltrúum sveitarfélaganna á aðalfundi landshlutasamtakanna, svo og á fulltrúum sýslufélaga, þar sem þau eiga aðild.

Í 3. mgr. gr. er einstökum sveitarfélögum heimilað að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti en skv. aðalreglunni í 2. mgr., enda staðfesti ráðherra ákvæði í sam-

þykktum þar um. Er þetta talið nauðsynlegt, til þess að unnt verði að taka tillit til breytilegra aðstæðna í landshlutunum.

Um 114. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um yfirstjórn samtakanna, stjórn þeirra og kosningu stjórnar. Vegna mismunandi aðstæðna í landshlutunum þykir ekki rétt að fast-ákveða fjölda stjórnarmanna. Gert er ráð fyrir, að hann verði ákveðinn í samþykktum einstakra landshlutasamtaka.

Um 115. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 116. gr.

Þar eð í frv. felast aðeins meginákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga, er í þessari grein ákvæði um, að einstök landshlutasamtök setji sér samþykktir (lög), þar sem nánar verði kveðið á um skipulag og stjórn hverra landshlutasamtaka. Enn fremur verði í samþykktum kveðið á um gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga samtakanna, endurskoðun reikninga þeirra, starfssvið framkvæmdastjóra og önnur atriði, er þurfa þykir. Í greininni eru ákvæði um, að ráðherra staðfesti samþykktir hinna einstöku landshlutasamtaka til að tryggja, að þær séu í samræmi við lögín og að sem mest samræmi verði milli samþykpta einstakra landshlutasamtaka. Þá verði samþykktir birtar í Stjórnartíðindum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að setja landshlutasamtökunum frest til endurskoðunar samþykpta (laga) sinna til samræmis við ákvæði frv., ef að lögum verður, og þykir hann hæfilegur til ársloka 1974.

Í 111. gr. 1. mgr. er gert ráð fyrir skylduaðild einstakra sveitarfélaga að landshlutasamtökunum. Rétt þykir þó, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, að veita þeim sveitarfélögum, sem standa utan við landshlutasamtökin við gildistöku laga þessara, frest til aðildar, enda sé þeim þá heimilt að fela fulltrúa sýslunefndar, sbr. 2. mgr. 111. gr., að fara með umboð sitt á aðalfundum landshlutasamtakanna til loka kjörtímabils sveitarstjórna 1978, þ. e. til vors 1978.